

HJARTAVERND



30. ÁRGANGUR
2. TÖLUBLAÐ DESEMBER 1993

Ný matreiðslubók
gefin út í samvinnu
Hjartaverndar,
Krabbameinsfélagsins
og Manneldisráðs.

AF BESTU LYST
Uppskriftir að hollum og ljúffengum réttum

Frönsk kjötsí

Kjöltíðir

Kjöltíðir

1. Brúnib kjötib í olíunni í þotum til 50 minuttum.

2. Sovið laukum og steinselja með stilkumum. Þarf 1/2 lauki, steinselju (þegymbl) til þess að skreyta með).

3. Flynjib kartánum basa og gulraunareyndi gulrautur og karnef og látið sjóða í 15 minuttum.

Í hverjum skammti eru 359 kloravingar, 4 g meðalð filo og 9 g ómeralð filo.

72

Kjöltíðir

a

Kartófum, gulréstum og vötum í þotum og látið ó vögum hita í 30 minuttum.

yddið et með þarf.

Uppskrifin er fyrir sex.
Undirþróunar: 20 minuttur.
Sublimi: 70 minuttur.

Bókin er gefin út í samvinnu við Hjartavernd, Krabbameinsfélagið og Manneldisráð.

VAKA-HELGAFELL

Sjá grein um bókina eftir Laufeyju Steingrímsdóttur, bls. 22.

Meðal efnis:

Orsakir kransæðasjúkdóma
Snorri P. Snorrason frv. prófessor

Heilavernd
Pálmi Jónsson, öldrunarlæknir

Hreyfing nauðsynleg eldra fólki
Gísli Einarsson, endurhæfingarlæknir


Meðferð kransæðasjúkdóma hjá öldruðum
Magnús Karl Pétursson, form. Hjartaverndar

Andoxunarefni
Guðrún Skúladóttir, lífefnafræðingur

Offita – áhættubættir
Björn Einarsson, öldrunarlæknir

Leiðslur hjartans – greinrof
Inga Þráinsdóttir

Ekki rúm fyrir gamalt fólk
Kristján Benediktsson, form. Félags eldri borgara



Cheerios

FÆÐUHRINGURINN

Það er samhengi á milli mataræðis og heilsu.

Heilsan er dýrmæt og þess vegna er ætíð skynsamlegt að huga að samsetningu fæðunnar sem við neytum. Cheerios er ríkt af hollustuefnum og inniheldur sáralítið af sykri og fitu. Í hverjum Cheerios „fæðuhring“ er að finna bragð af góðum, trefjaríkum og hollum mat; fyrir fólk á öllum aldri.



YODAF4.13/5IA

Cheerios – einfaldlega hollt!

*1 skammtur eða 30 g.
 RDS: Ráðlagður dagskammtur.

HJARTAVERND



30. ÁRGANGUR
2. TÖLUBLAÐ DESEMBER 1993

Útgefandi:

Hjartavernd, Landssamtök hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi

Ritstjórn:

Snorri P. Snorrason, Nikulás Sigfússon, Stefán Júlíusson, Guðmundur Þorgeirsson og Þórður Harðarson.

Ritstjóri:

Sigurður Helgason

Afgreiðsla blaðsins:

Skrifstofa Hjartaverndar, Lágmúla 9, 3. hæð, sími 83755

Setning, umbrot, filmuvinnna og prentun:


Svansprent hf.

Efni:

Orsakir kransæðasjúkdóma.....	1
Meðferð kransæðasjúkdóma hjá öldruðum	5
Ekki rúm fyrir gamalt fólk í velferðarkerfinu?	6
Heilavernd – næsti bær við Hjartavernd	9
Fréttir frá Rannsóknarstarfi Hjartaverndar	12
Offita – áhættubáttur.....	13
Leiðslukerfi hjartans – greinrof	15
Verndandi áhrif andoxunarefna	17
Hvers vegna hreyfing er nauðsynleg eldra fólkí.....	19
Matreiðslubókin Af bestu lyst.....	22
Norrænt Hjartaár 1996.....	24

Snorri P. Snorrason, professor emeritus:

ORSAKIR KRANSÆÐA- SJÚKDÓMS, GÖMUL OG NÝ VIÐHORF.



Snorri P. Snorrason

Umræðan um orsakir kransæðasjúkdóms hófst að marki fyrir 5 til 6 áratugum þegar ljóst var að útbreiðsla sjúkdómsins jókst hröðum skrefum í hinum vestræna heimi, svo mjög að líkt var við farsótt. Aukningin virtist fylgja vaxandi velmegun eftirstríðarárranna samfara þeim stórfelldu lífsháttabreytingum sem fylgdu í kjölfarið.

Sjúkdómurinn lagðist einkum á karlmenn á aldrinum 40-60 ára. Yngri karlmenn, jafnvel undir þrítugsaldri urðu einnig fyrir barðinu á sjúkdómn-

um. Sjúkdómurinn var miklu sjaldgæfari meðal kvenna. Brátt kom þó í ljós að eftir tíðahvörf var konum jafnhætt að fá sjúkdóminn og körlum.

Af heilbrigðisskýrslum og sjúkra-skram að dæma voru kransæðasjúkdómar hér álandi sjaldgæfir þar til á stríðarárunum um og eftir 1940 er hann jókst hröðum skrefum og tveim áratugum síðar var sjúkdómur þessi orðinn aðaldánarorsök meðal þjóðarinnar.

Á Vesturlöndum náði sjúkdómurinn hámarki kringum 1965 til '70 og

hefur síðan verið í rénum, í sumum löndum allt að 30-40%.

Hér á landi er sjúkdómurinn einnig á hröðu undanhaldi með ört lækkandi dánartíðni.

Allt frá því að kransæðasjúkdómurinn fór að herja á hinar vestrænu þjóðir, þar sem velmegun blómstraði, hafa orsakir sjúkdómsins og hin skyndilega útbreiðsla hans sem lýst hefur verið, verið nokkur ráðgáta. Vísindamenn hafa unnið sleitulaust undanfarna ára-

tugi, og gera enn, að lausn “gátunnar”. Enda hefur mikið verið í húfi og til mikils að vinna, þar sem um stórfellt heilbrigðisvandamál hefur verið að ræða. Þannig var dánartíðni af völdum bráðrar kransæðastíflu á tímabili um og yfir 30%.

Strax í upphafi var augljóst að á sama tíma og kransæðasjúkdómurinn magnaðist á Vesturlöndum var sjúkdómurinn sjaldgæfur eða nánast óþekktur meðal ýmissa annarra þjóða, svo sem margra Asíuþjóða, þjóða við Miðjarðarhaf og fleiri. Einnig kom í ljós að ef fólk, sem bjó í löndum þar sem sjúkdómurinn var nær óþekktur, fluttist til Vesturlanda, t.d. Bandaríkjunna og tók upp líffshætti heimamanna, þá varð kransæðasjúkdómurinn brátt jafnalgengur meðal innflytjendanna.

Pessi staðreynð var ákveðin vís-bending um að orsaka kransæðasjúkdóms væri fyrst og fremst að leita í vissum lifnaðarháttum og að erfðaþættir gætu ekki skýrt málið nema að hluta.

Sjúkdómafræðingar höfðu sýnt fram á að við kransæðasjúkdóm mynduðust þrengsli í kransæðum hjartans, sem hindruðu blóðflæði til hjartavöðvans með súrefnis- og næringarskort í kjölfarið. Þrengslin í aðunum stöfuðu af uppsöfnun efna úr blóðinu sem þrengdu sér inn í slagæðaveggina og síðar inn í holrúm æðarinnar með fram-angreindum afleiðingum. Efni þessi sem settust í kransæðarnar voru aðallega kólesteról, en einnig storkuefnir úr blóðinu. Þegar um kransæðastíflu var að ræða voru það gjarnan storkuefnir sem bundu endahnútið á lokun æðarinnar með blóðsegamyndun í þrengslunum þar sem kólesterólið hafði safnast upp. Í samræmi við þetta ferli kom í ljós að þeir sem höfðu há kólesteról-gildi í blóði voru í meiri haftu að fá kransæðasjúkdóm en hinir með lág kól-esterólgildi. Alla tíð síðan hafa rann-sóknir á orsökum kransæðasjúkdóms beint mjög að blóðfitu og áhrifum um-

hverfisþátta, einkum mataræðis.

Allir vefir líkamans þurfa á kólesteról að halda, aðallega til að byggja upp frumuhiðnur. Mestallt kólesteról í blóði og vefjum myndast í líkamanum sjálfum, aðallega í lifur. Lifrin hefur þann eiginleika að mynda kólesteról úr fitu sem berast líkamanum með fæðunni. Meðal vestrænna þjóða er hjá flestum miklu meira af kólesteróli í blóði en líkaminn þarfnað og er talið tengjast þeim eiginleika lifrarinnar að framleiða þeim mun meira af kólesteról sem meira er neytt af mettaðri fitu. Lítill hluti af kólesteróli líkamans er kominn beint frá kólesteróli úr fæðu manna.

Kólesteról bindst próteinum í líkamanum og myndar þannig fituprótein (lipoprotein) og flyst þannig frá blóðinu til hinna ýmsu vefja. Nokkrar tegundir fitupróteina eru þekktar. Pau sem hér koma við sögu eru einkum tvennis konar: lágþéttini fituprótein (LDL) og háþéttini fituprótein (HDL).

Pessar tvær tegundir lípóróteina koma mjög við sögu við myndun æðakölkunar, kransæðaþrengsla og kransæðastíflu. Í sem stystu máli hefur komið í ljós að mikið af LDL-kólesteróli í blóði hefur í för með sér aukna hættu á æðakölkun. Efni þetta hefur tilhneigingu til að setjast í slagæðaveggi og valda þar sjúklegum breytingum sem leiða til æðakölkunar. HDL-kólesteról hefur hins vegar verndandi áhrif gegn æðakölkun, enda gegnir það því hlutverki að flytja kólesteról frá frumum slagæðaveggjanna og stuðlar að útskilnaði þess úr líkamanum. Af þessu leiðir að æskilegt er að hafa lítið af LDL-kólesteróli í blóði en hins vegar hlutfallslega mikið af HDL-kólesteróli.

Það er mjög háð mataræði hvernig hlutfall þessara efna eru í blóði. Mataræði flestra þjóða með lága tíðni kransæðasjúkdóma einkennist af lítilli neyslu mettaðrar fitu, þess í stað er neysla fjölómettaðra eða einómettaðra

jurtaolía, þannig að hlutfall hitaeininga úr ómettaðri og mettaðri fitu er hátt, 0.5 eða þar yfir í stað 0.2 víða á Vesturlöndum. Kolvtnanleysla er mikil meðal framangreindra þjóða, einnig neysla grænmetis.

Sem dæmi um framangreindar þjóðir má nefna Japani, Grikkir og Kúbverja. Heildarkólesteról í blóði þessara þjóða er mjög lágt, minna en 5 millimol í lítra, miklu lægra en gerist meðal vestrænna þjóða. Japanir, Grikkir og Kúbverjar eru allar miklar reykingaþjóðir, þrátt fyrir það eru kransæðasjúkdómar þar mjög sjaldgæfir, einnig í Japan þar sem hár blóðþrýstingur er algengur. Svo virðist sem lág blóðfita, af því tagi sem lýst hefur verið, verki verndandi gegn hinum hefðbundnu áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma: reykingum og háum blóðþrýstingi, og raunar einnig gegn sumum tegundum krabbameins.

Einnig er athyglisvert að framan-greindar þjóðir njóta almennt góðrar heilsu. Þannig verða Kúbverjar og Grikkir sem náð hafa 65 ára aldri talsvert eldri en jafnaldrar þeirra í Bandaríkjunum, þrátt fyrir margfalt meiri kostnað Bandaríkjumanna við heilbrigðisþjónustuna.

Kransæðasjúkdómar hafa verið á undanhaldi hér á landi allt frá 1970, svo sem áður er vikið að, og víst má telja að enn stefni í rétta átt. Margt kemur til. Tekist hefur að draga verulega úr áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma, svo sem reykingum, hækkuðum blóðþrýstingi og samkvæmt rannsóknum Hjartaverndar hefur blóðfita Íslendinga farið lækkandi. Einnig má þakka framförum í læknisfræði á þessu sviði að stórlega hefur dregið úr dauðsföllum af völdum bráðrar kransæðastíflu á allra síðustu árum.

Pótt kenningin um að aukið kól-esteról í blóði manna sé aðalorsök kransæðasjúkdóma hafi lengi verið

ríkjandi þá heldur leitin að öðrum áhættupáttum og sjúkdómsvöldum sí-fellt áfram.

Fyrir allmögum árum sýndu danskir ví sindamenn fram á að kransæðasjúkdómar væru nánst óþekktir meðal Eskimóa sem neyttu

eiga sér stað í slagæðum líkamans. Einkum eru það innstu lög slagæðaveggjanna, æðaþelið, sem fyrst koma við sögu þegar kransæðasjúkdómur er í uppsiglingu.

Nú er í brennidepli sú kenning að svokallaðar stakeindir, efnasambond

rakið, má vera ljóst, að það er ekki ó-hjákvæmilegt fyrir þjóð að búa við jafnalvarlegt heilbrigðisvandamál og hjarta- og æðasjúkdómar eru hjá okkur Íslendingum. Við getum lært af þeim þjóðum, sem eru að kalla lausar við þessa sjúkdóma og þakka má að miklu leyti heppilegu mataraði.

Hér á landi hefur athyglan réttilega beinst að því að ráða bót á aðaláhættu-páttum hjarta- og æðasjúkdóma: reyk-ingum, háum blóðþrýstingi og mikilli blóðfitu, með verulegum árangri. Offita, streita og lítil líkamsáreynsla skipta hér líka verulegu máli.

Rannsóknir seinni ára hafa beint athygli manna í vaxandi mæli að verndandi áhrifum vissra vitamína gegn æðakölkun. Vitamín þau sem hér um ræðir eru C- og E-vitamín, en einnig β-caroten, sem er forstig A-vitamíns. Sýnt hefur verið fram á að þessi efni draga úr oxun fitusambanda svo sem lágþéttni kólesteróls og myndun stakeinda í vefjum líkamans. E-vitamín virðist áhrifarlaðast í þessum efnum og benda rannsóknir til að stórir skammtar af þessu vitamíni geti dregið úr tíðni kransæðasjúkdóma. Ó-yggjandi niðurstöður liggja þó enn ekki fyrir, en hins vegar sterkar vís-bendingar, svo sem skýrt kemur fram í niðurstöðum rannsókna, sem fram fóru í Bandarískjunum og birtar voru á þessu ári. Þar kemur fram að til að ná árangri þurfi að taka inn margfalt meira af E-vitamíni en fæst úr dag-legri fæðu eða allt að 300 mg á dag. Jafnframt er bent á að langtímanotkun slíkra skammta hafi ekki, svo séð verði, haft í för með sér nein skaðleg áhrif eða aukaverkanir.

Því eru verulegar vonir bundnar við E-vitamínskammta í þessum mæli í forvarnarskyni.

EKKI hefur verið sýnt fram á sam-bærileg áhrif af stórum skömmum C-vitamíns eða β-carotens.



Á Akureyri er dugmikið göngufólk

aðallega fæðu af sjávarspendýrum, selum og hvöllum. Í ljós kom að í lík-amsvefjum þessara manna var meira af sérstökum fitusýrum, svokölluðum omega-3 fitusýrum, en gerist og gengur hjá þeim sem neyta venjulegs fæðis Vesturlandabúa. Við rannsókn á sýr-um þessum kom í ljós að þær draga úr hættu á blóðsegamyndun í aðum lík-amans og geta þannig komið í veg fyrir æðastíflur. Í sjávarspendýrum og fiski er mikið af omega-3 fitusýrum og því er þorskalýsi auðugt af sýrum þessum, svo sem kunnugt er.

Helst er að vænta árangurs í þessum efnum í kjölfar stóraukinnar þekk-tingar á efnahvörfum þeim sem sí-fellt

sem myndast við oxun fitusýra, geti skaðað frumur líkamans og valdið sjúkdómum og hrörnum. (Sjá grein Guðrúnar V. Skúladóttur í þessu blaði). Sýnt hefur verið fram á að lágþéttni lipóprótein (LDL), sem orðið hefur fyrir oxun, hefur sérstaka til-hneigingu til að ryðjast inn í slagæðaveggi og gera þar usla. Þannig geta efni þessi valdið sjúklegum breyt-ingum sem leiða til æðakölkunar.

Gera má ráð fyrir aukinni myndun skaðlegra stakeinda við aukna fitu-neyslu, sérstaklega ef samtímis er skortur á verndandi andoxunarefnum í líkamanum (sjá síðar).

Af því sem að framan hefur verið

EINSTAKT TILBOÐ

Stjórn Hjartaverndar býður öllum meðlimum í Félagi eldri borgara að gerast félagsmenn í HJARTAVERND, þ.e. Landssamtökum hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi, með því að greiða aðeins kr. 200,- í árgjald.

Við bjóðum þig, nýjan félagsmann, hjartanlega velkominn í Hjartavernd. Jafnframt teljum við, að þátttaka þín muni geta orðið þér til ánægju og fróðleiks og til eflingar Hjartaverndar í baráttunni gegn hjartasjúkdómum.

Sérhver félagsmaður fær árlega send tvö blöð af Hjartavernd ókeypis. Þá mun stjórn Hjartaverndar gangast fyrir árlegum fræðslufundi í húsakynnum Félags eldri borgara, þar sem verða flutt fræðsluerindi um hjartasjúkdóma í eldri fólki og ýmsar forvarnaraðgerðir kynntar.



Ég undirritaður / undirrituð í FÉLAGI ELDRI BORGARA óska eftir að gerast félagi
í HJARTAVERND - ársgjald kr. 200,-

.....

NAFN: _____

HEIMILISFANG: _____

KENNITALA: _____

SÍMI: _____

.....

Þeir sem vilja gerast félagar í Hjartavernd geta fyllt út ofangreinda inntökubeiðni og sent hana ásamt kr. 200,- til:

Skrifstofu Hjartaverndar


Lágmúla 9, III. hæð

108 Reykjavík

Einnig nægir að hringja í síma **813755** og láta skrá sig þannig.

Magnús Karl Pétursson, læknir:

MEÐFERÐ KRANSÆÐASJÚKDÓMA HJÁ ÖLDRUÐUM



Magnús Karl Pétursson

Enda þótt dauðsföllum af völdum kransæðastíflu hafi fækkað verulega á undanförnum árum er þetta ennþá algengasta dánarorsök Íslendinga. Þessi fækkuðin dauðfalla er vegna þess að færri fá nú kransæðastíflu en áður, dánarhlutfall þeirra sem leggjast inn á sjúkrahús með bráða kransæðastíflu er lægra og lífslíkur sjúklinga eftir að hafa fengið bráða kransæðastíflu eru nú lengri.

Þegar skoðaðar eru tölur um fjölda sjúklinga með bráða kransæðastíflu á hjartadeild Landspítalans sl. 20 á kemur í ljós að liðlega 40% þessara sjúklinga eru 70 ára og eldri. Þegar skoðað er dánarhlutfall þessa aldurshóps á þessu 20 ára tímabili er það verulega herra en hjá þeim sem yngri eru eða 30,7% á móti 12,4%.

Með tilkomu nýrra lyfja, sérstaklega lyfja sem leysa upp blóðsega sem myndast í þrengslum kransæða hefur verið hægt að lækka dánarhlutfall þeirra sem fá kransæðastíflu. Í upphafi voru menn hikandi við að nota þessa meðferð hjá eldra fólki vegna ótta við blæðingar sem þessi meðferð getur haft í för með sér. Það hefur hins vegar komið í ljós þegar skoðaðar eru niðurstöður rannsókna þar sem aldursmörk voru ekki sett að árangurinn í eldri aldurshópum var síst lakari og dánarhlut-

fall lækkaði jafnvel meira en í yngri aldurshópum. Þessi meðferð bjargar ekki aðeins líffi margra sjúklinga heldur kemur hún oft í veg fyrir þau ör-kuml sem af því hljótast þegar stór hluti hjartavöðvans skemmist í kjölfar kransæðastíflu.

Opnar hjartaaðgerðir hafa verið gerðar á Íslandi frá árinu 1968. Nú þegar hafa um 1000 Íslendingar undir-gengist slíkar aðgerðir hér á landi. Af þeim eru um 18% 70 ára og eldri. Skv. erlendum rannsóknarniðurstöðum eru fylgivillar eftir aðgerðir nokkuð fleiri í eldri aldurshópum en þeim yngri og dánarhlutfall lítið eitt hærra. Árangur hvað varðar einkenni sjúkdómsins eftir slíkar aðgerðir er hins vegar mjög góður. Þegar meta þarf kosti og galla slíksra aðgerða hjá sjúklingum hlýtur það mat að vera einstaklingabundið og fráleitt að setja ákveðin aldursmörk.

Nú hafa verið framkvæmdar 660 kransæðautvíkkunar hér á landi. Af þeim eru aðeins 36 eða um 5% yfir 70 ára aldri. Enda þótt útkoman sé góð í þessum hópi er fjöldinn of líttil til að segja til um árangur. Erlendar rann-sóknir benda hins vegar til þess að ár-angurinn af kransæðautvíkkunum hjá fólki yfir 70 ára sé vel sambærilegur við yngri aldurshópa. Ástæðan fyrir því hversu fáir yfir sjötugt hafa farið í

kransæðautvíkkun hér á landi er vafalítið sú að upphaflega var þessari meðferð fyrst og fremst beitt við tiltölulega afmörkuð kransæðaþrengsli sem algengara er að finna hjá yngra fólk. Með bætri tækni hafa möguleikar á útvíkkun þrengsla í fleiri æðum aukist. Þessi meðferð sem fyrir eldri aldurshópa er mun áhettuminni heldur en skurðaðgerð hlýtur því í framtíðinni að verða æskilegur kostur.

Á því 20 ára tímabili sem vitnað var til hér að ofan hefur heildardánarhlutfall sjúklinga með bráða kransæðastíflu á hjartadeild Landspítalans lækkað um 44%. Enda þótt lækkunin sé mest í aldurshópnum 60-69 ára kemur hún fram í öllum aldurshópum. Kransæðasjúklingar sem til meðferðar koma á sjúkrahúsum eru að stórum hluta í hópi aldraðra. Árangur af nýjungum í meðferð þessara sjúkdóma, bæði hvað varðar ný lyf, skurðaðgerðir og kransæðautvíkkunar er sambærilegur við árangur í meðferð yngri aldurshópa. Þess vegna hlýtur það mat að vera einstaklingsbundið og án tillits til aldurs, þegar ákvörðun er tekin um þá meðferð sem henta muni best sjúklingi með kransæðasjúkdóm.

*Magnús Karl Pétursson, læknir
Formaður Hjartaverndar*

Kristján Benediktsson, formaður Fél. eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Er ekki lengur rúm á íslenska velferðar-vagninum fyrir gamalt fólk og öryrkja

Evrópuráðið samþykkti á sínum tíma að árið 1993 yrði í aðildarlöndunum sérstaklega helgað eldri kynslóðinni. Nú er þetta merkilega ár aldraðra senn á enda runnið.

Allmikið hefur verið gert hér á landi til að vekja athygli á þeim stóra hópi fólks sem við köllum aldraða. Hann er raunar stærri hér á landi hlutfallslega en víðast annars staðar. Ráðstefnur hafa verið haldnar um ýmis mál, greinar hafa birst í blöðum og tímaritum og heil vika var á sl. vori í höfuðborginni helguð eldra fólk. Allt er þetta gott og blessað. Verkefnin sem snerta þennan sístækkandi hóp fólks taka hins vegar aldrei enda fremur en framvinda lífsins. Nýjar kynslóðir koma í raðir hinna öldruðu um leið og aðrar hverfa af sjónarsviðinu. Þannig er nú þetta.

Við hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík tókum því fagnandi þegar ritstjóri Hjartaverndar og aðrir forystumenn félagsins buðust til að láta okkur í té 6-7000 eintök af þessu sérstaka hefti sem við sæjum síðan um að koma til félagsmanna okkar. Jafnframt sögðu þeir að efni þessa heftis yrði sérstaklega á-hugavert fyrir eldra fólk. Fyrir þennan höfðingsskap þökkum við hjá F.E.B. alveg sérstaklega.

Hjartavernd hefur á undanförnum áratugum verið fjölbreytt og vandað að efni þar sem fagfólk og sérfraeðingar í nánast öllu sem varðar hjartasjúkdóma og forvarnir gegn þeim hafa á afgerandi

hátt sett mark sitt á ritið. Það er því vissulega með hálfum huga hjá mér sem leikmanni að blanda mér í hóp slíksra sérfræðinga. Sjálfum finnst mér hins vegar innst inni að ég viti heilmikið um þessa hluti þótt skynsemin segi mér að það hljóti að vera mjög takmarkað.

PAÐ HÉT AÐ VERÐA BRÁÐ-KVADDUR.

Meðal bernskuminninga minna og sumt af því sem ég man hvað best úr æsku eru dauðsföll nágranna og sveitninga. "Hann varð bráðkvaddur", var gjarnan sagt þegar andlátíð bar skyndilega að. Einkum minnir mig að það væru karlmenn á efri árum sem slíkt henti. Ekki minnist ég þess að fólk væri almennt að leita skýringa á ástaðum fyrir dauðsföllum af þessu tagi. Jafnvel á fyrrí hluta þessarar aldar var fólk almennt ekki farið svo mjög að grufla út í slíka hluti. Án efa hafa mörg þessara snöggju dauðsfalla stafað af hjarta-stoppi. Í göngum og smalamennskum man ég eftir fullorðnum mönnum sem fengu verk fyrir brjóstið ef þeir þurftu að hlaupa eða ganga upp bratta. Sagt var að slíkir menn væru brjóstveikir. Sjálfsgagt hefur stundum verið lungunum um að kenna en án efa hafa æðabrengsli við hjartað komið þarna við sögu í mörgum tilvikum.

Við þessu var ekkert að gera. Menn urðu bara að lifa með þessu hvort sem



Kristján Benediktsson

þeim líkaði betur eða ver. Um lækningu var ekki að ræða. Flestir urðu hins vegar að hækja á sér í brauðstritinu.

Hætt er við að margir okkar sem fengið höfum alvarlega hjartasjúkdóma í seinni tíð værum ekki ofar moldu ef lækningum á þessu sviði hefði ekki fleyst svo fram sem raun er á. Hjartavernd hefur í þrjá áratugi leitast við að fræða fólk um hjartasjúkdóma, eðli þeirra og orsakir, forvarnir og lækningu. Þetta þrotausa starf hefur ásamt með öðru boríð þann árangur að nú er okkur sagt að þessi sjúkdómur sé í rénum. Alvarlegum tilfellum fari fækkandi.

PANNIG LEYSTU ESKIMÓ-ARNIR MÁLIÐ.

Sagan kennir að maðurinn er í eðli sínu grimmur og miskunnarlaus. Þetta opinberast á öllum tímaskeiðum sem heimildir ná yfir. Að baki liggja oft á tíðum sérhagsmunir og valdagræðgi. Aldrei hefur þetta verið augljósara en á okkar tínum - 20. öldinni.

Ætla mætti að aukin fræðsla á öllum mögulegum sviðum, batnandi lífskjör hjá flestum jarðarbúum ásamt með áhrifum frá trúarbrögðum, sem prédika umburðarlyndi og kærleika, mundi milda og bæta manskepnuna. Svo virðist ekki vera.

Hjá frumstæðum þjóðflokkum sem við köllum svo mun það tíðkast að

gamalt fólk röltir á afvikinn stað þegar það finnur dauðann nálgast. Danskritihöfundurinn Peter Freuchen, sem lengi dvaldi á Grænlandi, greinir frá því að þegar gamalt fólk þar í landi sá að því var ekki lengur ætlað pláss á sleðanum vissi það til hvers var ætlast. Það rölti eitt út í auðnina. Aðrir í hópnum dunduðu við sitt og þóttust ekki taka eftir neinu. Sjálfsagt hefur hin harða lífsbaráttá norðursins átt sinn þátt í þessu miskunnarleysi. Það var erfitt að vera með lítt sjálfbjarga gamalmenni á hinum löngu ferðum þessa fólks milli veiðisvæða og sjáfsagt hefur matarforðinn stundum verið knappur.

En getur það verið að farið sé að þrengjast um pláss á íslenska velferðarsleðanum fyrir gamalt fólk, öryrkja og aðra þá sem eiga undir högg að sækja?

AÐ KAUPA SÉR FORGANG.

Eitt helsta aðalsmerki íslenska heilbrigðiskerfisins er það að allir eiga þar jafnan rétt til að fá bót meina sinna, ungrir sem aldnir, ríkir sem snauðir. Þetta kerfi hefur verið byggt upp fyrir skattpeninga þjóðarinnar.

Að vísu borga menn í hinn sameiginlega sjóð eftir efnum og ástæðum, sumir minna, aðrir meira. Fram til þessa hafa þær raddir ekki heyrst að þeir sem meira hafi greitt til uppbyggingsar heilbrigðiskerfisins eigi að njóta þar meiri réttinda en aðrir. Á þessu er að verða breyting, sem vert er að gjalda varhug við.

Þeir sem kenna sig við frjálshyggu og ekkert virðast sjá nema aukinn hagvöxt og aukna peningaveltu og halda að í slíku felist lífshamingjan eru farnir að ræða bæði undir rós og opinskátt hvað borgi sig þegar um lækningu sjúkdóma er að ræða. Áður spurðu menn gjarnan í slíkum tilfellum hvað hægt væri að gera.

Þá hefur sú hugmynd skotið upp kollinum í einu dagblaðanna að gefa

ætti þeim er þess óskuðu kost að kaupa sig inn á sjúkrahús og greiða læknisþjónustuna fullu verði. Væntanlega færur þeir þá fremst í röðina þar sem biðraðir eru hjá sérgreinasjúkrahúsunum. Varla mundu margir Dagsbrúnarmenn, Sóknarkonur eða kennarar hafa efni að kaupa sér slíkan forgang. Þessir aðilar hafa þó án efa greitt það sem þeim bar í hinn sameiginlega sjóð okkar.

Sá stóri hópur sem alltaf er verið að tala um og lítið greiðir til samneyslunnar þrátt fyrir góð auraráð, ætti hins vegar að vera vel í stakk búinn til að kaupa sér pláss á sjúkrahúsunum og losna við biðröðina. Ekki finnst mér þetta geðslegar hugmyndir.

VARHUGAVERÐAR SKOÐANIR.


Ekki er síður ástæða til þess að vera á varðbergi gegn þeim hugmyndum sem fram hafa komið um að taka upp forgangsröðun á sjúkrahúsunum, og flokka sjúklinga eftir aldrí og sjúkdómum. Rökin fyrir þessum hugmyndum virðast vera þau að heilbrigðiskerfið sé orðið alltof dýrt og því þurfi að spara. Sjálfsagt má eitt og annað spara og færa til betri vegar í þessu kerfi án þess að grípa til svo ómannuðlegra aðgerða. A.m.k. held ég það.

Það furðulega er að þessar hugmyndir virðast vera komnar frá lækn-

um. Á ráðstefnu sem Siðfræðiráð Læknafélags Íslands hélt fyrir skömmu var um þetta fjallað. Þar var m.a. verið að ræða um að hætta að gera hjartaaðgerðir á fólk þegar það væri komið yfir vissan aldur. Sem sagt, gamalt fólk á ekki að lækna. Það er búið að ganga sér til húðar í þágu þjóðfélagsins og á ekki að vera að þvælast fyrir á sjúkrahúsunum. En þessar hugmyndir hafa víðar skotið rótum en á málþingi lækna. Þær hafa þegar náð eyrum þeirra sem stjórna fjármálum spítalanna og þar liggur valdið sem peningarnir eru.

Hér er verið að fjalla um grundvallaratriði í siðfræði okkar og raunar siðfræði allra tíma. Hér er verið að fjalla um það hvort læknar eigi að ráða því hverjir megi lifa og hverjir ekki eða stjórnmálamenn með því að hætta að veita fé til ákveðinna læknisverka. Þetta eru stórhættulegar hugmyndir sem sporna verður gegn.

Sumir eiga því láni að fagna að lenda sólarmegin í lífinu. Aðrir verða að sætta sig við forsæluna annað hvort vegna meðfæddra ágalla eða vegna sjúkdóma. Sá hópur þarf á okkur að halda til að vernda það velferðarkerfi sem við búum við í dag. Í þeim efnunum eiga Hjartavernd og Félag eldri borgara samleið. Ég er þess fullviss að eldri borgarar munu taka þessu riti fagnandi og nýta sér þann fróðleik sem þar er að finna.



Saltaðu með **SELTIN**

Of hár blóðþrýstingur er algengur sjúkdómur og er talið að 5. hver fullorðinn Íslendingur þjáist af honum.

Þú getur reynt að halda þessum sjúkdómi niðri með því að:

- Borða hollari fæðu.
- Minnka reykingar.
- Hreyfa þig.
- Nota SELTIN í stað venjulegs salts.


SELTIN inniheldur kalíum og magnesíum, auk venjulegs matarsalts.

Venjulegt matarsalt hækkar blóðþrýsting en kalíum vinnur gegn þessari hækkun. Magnesíum minnkar hættuna á hjartsláttartruflunum.

SELTIN er framleitt í samráði við sánska lækna.

Saltaðu með SELTIN ef þú villt lifa heilbrigðara lífi, án þess að neita þér um salt.

Fæst í apótekum og helstu stórmörkuðum.



Pálmi V. Jónsson, lyf- og öldrunarlækni:

Heilavernd – næsti bær við Hjartavernd!

ÚRDRÁTTUR

Heilablóðföll voru á öldum áður talið koma frá æðri máttarvöldum og gegn þeim voru menn varnarlausir. Síðustu ár hafa hins vegar fært okkur upplýsingar varðandi varnir gegn heilablóðföllum, sem eru mjög dýrmætar. Mikilvægastar eru upplýsingarnar um þýðingu þess að meðhöndla aldraða með slagbilsháþrýsing og eða blandaðan háþrýsting, svo og upplýsingar um gildi léttar warfarínlíkrar blóðþynnингар í gáttaflökti. Aðgerð á sjúklingum með einkenni og meira en 70% hálsslagæðaþrengsli er árangursrík. Aspirín hefur verulegan ávinning í för með sér eftir blóðþurrðarköst. Heilavernd er hugtak sem rís nú undir nafni.

FARALDSFRÆÐI

Heilablóðfall er þriðja algengasta dánarorsökin á Vesturlöndum og veldur um 10-12% dauðsfalla. Dauðsföllum vegna heilablóðfalla hefur fækkað þar nokkuð eða að meðaltali um 7% frá árinu 1970, væntanlega vegna bættrar meðferðar, en betur má ef duga skal. Nýgengi heilablóðfalla vex hratt með aldri, með hundraðfaldri aukningu úr þremur af tíuþúsund á ári á þrítugs og fertugsaldri til þriggja af hundraði á áttreðis- og níreðisaldri. Líkurnar á að 45 ára einstaklingur fái heilaáfall á næstu 20 árum eru einn af 30, en einn af hverjum fjórum 45 ára karlmönnum og ein af hverjum fimm 45 ára konum eiga von á því að fá heilablóðfall nái þau 85

ára aldri. Um 75% heilablóðfalla eru ný áföll, en líkur á endurteknun áföllum næstu fimm árin eru um 33-50%.

Tölur frá Nýja-Sjálundi gefa glögga mynd af afleiðingum heilablóðfalla, en þar er nýgengi heilablóðfalla í meðallagi vestrænna þjóða (1). Nýgengi heilablóðfalla er um 310 á 250 þúsund íbúa og til viðbótar fá 90 einstaklingar endurtekið áfall. Af þessum 400 einstaklingum munu einungis 220 lifa sex mánuði. Af þeim munu 160 búa heima, en hinir 60, flestir mjög fatlaðir, búa á hjúkrunarheimili eða sjúkrahúsi. Sex mánuðum eftir heilablóðfall eru um það bil tveir þriðju þeirra sem búa heima sjálfbjarga og hafa náð fyrrí færni, en einn þriðji þeirra sem enn búa heima eiga við erfiðleika að stríða í athöfnum daglegs lífs og njóta stuðnings fjölskyldunnar eða heimilishjálpar og heimahjúkrunar. Besti mælikvarðinn á heildarbyrði heilablóðfalla í samfélaginu er algengi, en áætlað er að fimm til átta hverra þúsund íbúa yfir 25 ára aldri hafi orðið fyrr heilablóðfalli. Loks er rétt að minna á að algengi heilabilunar fólks yfir 65 ára aldri er um 5% og er um fimm tungur þeirra af völdum heilablóðfalla.

MEÐFERÐ VIÐ SLAGBILSHÁPRÝSTINGI

Ljóst hefur verið lengi að meðferð við hvíldarbilsháþrýstingi er verulega árangursrík, en að sama skapi hefur það lengi verið vafa undirorpíð, hvort



Pálmi V. Jónsson

meðferð við einangruðum slagbilsháþrýstingi hefði sambærilegan árangur í för með sér. Árið 1991 voru birtar niðurstöður úr bandarískri rannsókn, sem varpaði nýju ljósi (2). Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort háþrýstingsmeðferð minnkaði áhettuna á heilablóðföllum i körlum og konum eldri en 60 ára með slagbilsháþrýsting með því að lækka slagbilsþrýsting niður fyrir 160 mm kvikasilfurs og um að minnsta kosti 20 mm kvikasilfurs á sem smæstum skammti af lyfjum. Niðurstaða rannsóknarinnar var að meðferðin minnkaði áhettuna á heilablóðfalli um 36% (5,2 samanborið við 8,2 af hundraði einstaklinga á 5 árum), minnkaði heildar fimm ára áhettuna um 3% og fækkaði einnig hjartaáföllum um 32%. Ef niðurstöðurnar eru útfærðar til 10 ára tímabils, gefur rannsóknin til kynna að meðferð á 100 einstaklingum kæmi í veg fyrir sex heilablóðföll, tvö hjartadrep, fimm hjartabilunartilfelli og tvö dauðsföll, en sjö einstaklingar fengju aukaverkanir vegna meðferðar, sem krefðist lyfjabreytinga.

Önnur rannsókn, sánsk, á meðferð við háþrýstingi meðal aldraðra var birt á árinu 1991 (3). Niðurstöðurnar sýndu að koma má í veg fyrir fjórtán heilablóðföll og fimmtán dauðsföll fyrir hverja þúsund einstaklinga meðhöndl-

aða í eitt ár og heildarlækkun á dánartíðni yrði um 43%. Tíðni hjartabilunar, tímabundinnar heilablóðþurrðar og hjartakveisu lækkkaði um 67%. Tíðni hjartadreps lækkkaði um 13%, sem reyndist ekki tölfraðilega marktæk niðurstaða. Mikilvægt er að ofanskráðar tvær rannsóknir styðja hefðbundna og ódýra meðferðarvalkostí, samanborið við nýrri og dýrari meðferðarmöguleika.

BLÓÐPYNNING VEGNA GÁTTAFLÖKTS

Áður var algengast að gigtarsjúkdómur í hjartalokum tengdist gáttaflökti. Nú er hins vegar gáttaflökt ótengt lokusjúkdómi í 70% tilvika. Gáttaflökt sem ekki tengist hjartalokusjúkdómi skýrir nær helming allra slagæðablóðsega, sem taldir eru koma frá hjarta. Meðalaldur sjúklinga við upphaf gáttaflökts er 64 ár. Gáttaflökt leggst á 2 til 5% manna yfir sextugt, og leiðir til fimmfaldrar aukningar á heilablóðföllum og fimm til sjö prósent árlegrar áhættu á heilablóðföllum, sem fer vaxandi með hækkandi aldri. Prjátíu og fimm af hundraði allra með gáttaflökt ótengt lokusjúkdónum fá heilablóðfall.

Áhættan er jafnvel hærri ef þeir eru taldir með sem hafa svo kallaða þöglu blóðtappa í heila en þeir eru mikilvæg orsök vitrænnar skerðingar meðal aldræðra, en 15-18% sjúklinga með gáttaflökt hafa slíka þöglu blóðtappa í höfði á tölvusneiðmynd. Gáttaflökt er sterkt einstaki áhættuþáttur heilablóðfalla hjá konum yfir 70 ára. Innan hópsins með gáttaflökt án lokusjúkdóma ræður aldur mestu um áhættuna á heilablóðföllum. Áhættan á heilablóðföllum er minnst hjá þeim, sem eru yngri en 60 ára og hafa ekki þekktan annan hjartasjúkdóm, þar sem áhættan er 0.5% á ári, en vex hratt með aldri og tengslum við aðra hjartasjúkdóma (4).



Á síðustu fáeinum árum hafa komið fram fjórar, framsæjar slembaðar rannsóknir, sem hafa metið áhættu og ávinning af blóðþynningu til að hindra heilablóðföll í sjúklingum með gáttaflökt. Samtals hafa þessar rannsóknir fylgt eftir 4300 sjúklingaárum, sem hefur verið deilt á milli warfaríns, aspiríns og lyfleysu (5,6,7,8). Í heild hafa þessar rannsóknir notað lágskammita warfarín blóðþynningu, en í einni voru áhrif 75 mg af aspiríni könnuð, en í annarri voru áhrif 325 mg af aspiríni könnuð. Heildarniðurstaðan er að búast megi við að áhættan á heilablóðföllum sem fylgir langvinnu gáttaflökti án lokusjúkdóms lækki ú um það bil 6% á ári í 2% á ári við lágskammita blóðþynningu með warfaríni. Rétt er að gefa þeim aspirín, sem vilja ekki taka warfarín eða hafa frábendingar fyrir warfaríni.

SEGAHAMLANDI MEÐFERÐ ÖNNUR EN WARFARÍN VIÐ BLÓÐPURRR

Pað eru þrjár meingerðir í heilablóðföllum af völdum blóðþurrðar, þrengsli í stórum æðum, þrengsli í smáum

æðum og blóðsegar. Segamyndun er samnefnari fyrir allar þrjár meingerðirnar, enda er segahamlandi meðferð áhrifarík. Um 5% (3-9%) af sjúklingum með brátt blóðþurrðarkast fá heilablóðfall innan einnar viku. Langtímaáhætta á heilablóðfalli vegna blóðþurrðar eftir blóðþurrðarkast er um 5% á ári og nærrí því 10% á ári í sjúklingum með fyrri sögu um heilablóðfall vegna blóðþurrðar. Fjallað hefur verið um háþrýsting og gáttaflökt, en fyrirbyggjandi aðgerðir varðandi æðakölkun, sykursýki og reykingar eru mjög mikilvægar þegar til langs tíma er litið. Blóðsegahamlandi meðferð hefur þó mikilvæg viðbótaráhrif.

Hugsanleg áhrif aspiríns til lækkunar áhættu á heilablóðföllum hafa verið þekkt í 40 ár, en á síðasta hluta áttunda áratugarins staðfestu rannsóknir árangurinn. Sýnt er á sannfærandi hátt að aspirín í skammtinum 300-1500 mg á dag minnkar áhættuna á síðara heilablóðfalli um 20 til 25% hjá sjúklingum með sögu um blóðþurrðarkast eða lítið heilablóðfall. Ekki hefur verið sýnt fram á árangur af aspirínmeðferð í kjölfarið á stóru heilablóðfalli. Enn deila

menn um hver áhrifaríkasti aspirín skammturinn er, en ólíklegt er að aspirín sé áhrifaminna í konum en körlum (10).

AÐGERÐ VIÐ HÁLSSLAG-ÆÐAPRENGSLUM

Prjátíu til fimmtíuprósent af öllum skammvinnum blóðþurrþarköstum (sveppa TIA) eða heilablóðföllum tengjast sjúkdómi í slagæðum utan höfuðkúpu. Um það bil 50% af sjúklingum með skammvinnt blóðþurrþarkast hafa hálsslagæðasjúkdóm sömu megin. Aðgerð við hálsslagæðaprengslum var fyrst kynnt 1954. Enda þótt aðgerðirnar hafi frá þeim tíma verið með algengustu æðaaðgerðum hafa ábendingar aðgerðarinnar verið miklum vafa undir orpnar og fram til þessa hafa vandaðar samanburðarrannsóknir á gildi handlæknismeðferðar ekki verið gerðar.

Tvær tímamótagreinar birtust 1991, sem sýna fram á góðan árangur við aðgerðir vegna svæsinna (meira en 70%) þrengsla í hálsslagæð samfara einkennum sömu megin. Ónnur var Evrópsk (11), hin Bandarísk (12). Í báðum rannsóknunum voru áhrif skurðaðgerðar könnuð, hjá sjúklingum sem höfðu fengið skammvinnt blóðþurrþarkast sömu megin og hálsæðaprengslin voru, heilablóðfall sömu megin án eftirstöðva eða sjónudrep sömu megin innan 6 mánaða í evrópsku rannsókninni og innan 3 jaðar í bandarísku rannsókninni. Samanburðarhópurinn fékk gótt lækniseftirlit og aspirínmeðferð.

Evrópska rannsóknin sýndi að aðgerðarhópurinn hafði 12% þriggja ára áhættu á heilablóðfalli, en samanburðarhópurinn 22% áhættu. Bandarískar rannsóknin sýndi að eftir tveggja ára eftirlit væri áhættan á heilablóðföllum 26% hjá samanburðarhópnum, en einungis 9% hjá aðgerðarhópnum. Rannsóknirnar sýna því ótvíræðan ávinnning, þegar um meira en 70% þrengsli er að ræða, en enn er óljóst hvort ávinningsur-

er að því að beita aðgerðum við 30% til 69% þrengsli og einkenni sömu megin, en báðar rannsóknirnar halda áfram með tilliti til þessa hóps.

HEIMILDIR:

Grein þessi er stytt og lítillega breytt útgáfa á leiðara eftir sama höfund, sem birtist í Læknablaðinu 15. nóvember 1992.

1. Bonita R: Epidemiology of stroke. Lancet 1992;339:342-4.
2. SHEP Cooperative Research Group: Prevention of stroke by antihypertensive drug treatment in older persons with isolated systolic hypertension. Final results of the Systolic Hypertension in the Elderly Program (SHEP). JAMA 1991;265:3255-64.
3. Dahlöf B, Lindholm LH, Hansson L, et al. Morbidity and mortality in the Swedish Trial in Old Patients with Hypertension (STOP-Hypertension). Lancet 1991;338:1281-5.
4. Chesebro JH, Fuster V, Halperin JL. Atrial fibrillation - risk marker for stroke. N Engl J Med 1990;323:1556-8.
5. Petersen P, Kastrup J, Helweg-Larsen S, et al. Risk factors for thromboembolic complications in chronic atrial fibrillation: The Copenhagen AFASAK study. Arch Intern Med 1990;150:819-21.
6. The Stroke Prevention in Atrial Fibrillation Investigators. Stroke prevention in atrial fibrillation study: final results. Circulation 1991;84:527-39.
7. The Boston Area Anticoagulation Trial for Atrial Fibrillation Investigators. The effect of low-dose warfarin on the risk of stroke in patients with nonrheumatic atrial fibrillation. N Engl J Med 1990;323:1505-11.
8. Conolly SJ, Laupacis A, Gent M, et al. Canadian atrial fibrillation anticoagulation (CAFA) study. J Am Coll Cardiol 1991;18:349-55.
9. Hirsh J. Low-dose oral anticoagulants In: Alberst C, moderator. Stroke prevention in non-valvular atrial fibrillation. Ann Intern Med 1991;115:728-29.
10. Rothrock JF, Hart RG. Antithrombotic Therapy in Cerebrovascular Disease. Ann Intern Med 1991;115:885-95.
11. European Carotid Surgery Trialists'Collaborative Group. MRC European Carotid Surgery Trial: interim results for symptomatic patients with severe (70-99%) or with mild (0- 29%) carotid stenosis. Lancet 1991;337:1235-43.
12. North American Symptomatic Carotid Endarterectomy Trial Collaborators. Beneficial effect of carotid endarterectomy in symptomatic patients with high-grade carotid stenosis. N Eng J Med 1991;325:445-53.

ÁRIN OKKAR

eftir Ásdísi Skúladóttur félagsfræðing.

Bókin er handhægt og greinagott rit um flest það er varðar fólk sem komið er á miðjan aldur og þar yfir.

Bókin auðveldar fólk að þekkja möguleika sína og hvert skal leita við ólík tilefni.

Pantið í síma 91-814233.
Bókin kostar 1100.- kr.

MFA

**MENNINGAR- OG
FRÆÐSLUSAMBAND ALÞÝÐU
GRENSÁSVEGUR 16A**

Nikulás Sigfússon, yfirlæknir:

FRÉTTIR FRÁ RANNSÓKNARSTÖÐ HJARTAVERNDAR

Á Rannsóknarstöð Hjartaverndar er um þessar mundir unnið að tveimur umfangsmiklum hóprannsóknum jafnframt úrvinnslu gagna úr fyri rannsóknaraföngum. Auk þess er unnið að undirbúningi næstu rannsóknarverkefna.

I. Öldrunarrannsókn Hjartaverndar hefur áður verið lýst í þessu riti. Hér er um að ræða sjötta og síðasta áfanga Hóprannsóknar Hjartaverndar á Reykjavíkursvæðinu. Sú breyting var gerð frá fyri aföngum að bæta við margvíslegum athugunum er snerta einkum hagi og heilsufar eldra fólks. Björn Einarsson, sérfræðingur í öldrunarlækningum, hefur haft mestan veg og vanda af þessum áfanga hóprannsóknar Hjartaverndar. Staðan er nú þannig að lokið er rannsókn karlahóps og rannsókn kvennahóps er hafin. Mikil áherzla hefur verið lögð á að ná sem beztri mætingu svo niðurstöður verði sem traustastar. Meðal annars hafa læknir og spryll farið í heimahús og á sjúkrastofnanir til þeirra sem af heilsufarsástæðum hafa ekki getað mætt árannsóknarstöðina.

Pess er vænt að öldrunarrannsóknin muni gefa upplýsingar um algengi ýmissa sjúkdóma meðal aldraðra, um áhættuþætti þeirra og um félagslegar aðstæður en upplýsingar af þessu tagi hafa verið takmarkaðar hingað til.

Öldrunarrannsókn Hjartaverndar hefur nokkra sérstöðu að því leyti að þáttakendum hefur verið fylgt eftir í 25 ár. Endurteknar rannsóknir á svo löngu tímabili veita mun traustari upplýsingar um þróun og áhættuþætti sjúkdóma en

rannsóknir sem standa stutt.

II. MONICA-áhættuþáttakönnun stendur nú yfir. Þetta er liður í MONICA-rannsókninni sem er fjölbjóðleg rannsókn á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem staðið hefur yfir frá 1981. Pessi rannsókn er fólgin í samfelldri skráningu allra tilfella kransæðastíflu á ákveðnum landssvæðum í þáttökulöndum í a.m.k. 10 ár en auk þess fara fram kannanir á helztu áhættuþáttum kransæðasjúkdóma á fimm ára fresti.


Tilgangur þessara rannsókna er að meta vægi helztu áhættuþáttu kransæðasjúkdóma og þýðingu breytinga á meðferð á dánartíðni vegna þeirra en þessar upplýsingar munu koma að miklu gagni í baráttunni við þessa sjúkdóma.

Áhættuþáttakannanir eru þrjár á fimm ára fresti. Sú fyrsta hér á landi fór fram 1983, önnur 1988-'89 og sú þriðja hófst sl. vor.

Gert er ráð fyrir að þessari síðustu könnun ljúki eftir 2-3 mánuði. Lokið er rannsókn á úrtaki í Ánessýslu en rannsókn á úrtaki í Reykjavík stendur enn yfir.

Í tengslum við MONICA-rannsóknina hafa farið fram nokkrar hliðarrannsóknir á úrtaki úr MONICA-hópnum. Má þar nefna athugun á storkuþáttum í blóði sem gerð er í samvinnu við 14 aðrar þjóðir sem eru þáttakendur í MONICA-rannsókninni.

Hjá nokkrum hópi þáttakenda hefur farið fram skráning á púls-hraða allan sólarhringinn með sérstökum tækjum. Rannsóknin er gerð að tilhlutan Geðdeilda Landspítalans og miðar að því



Nikulás Sigfússon

að fá viðmiðunargildi frá óvöldu úrtaki þjóðarinnar, til samanburðar við samskonar athuganir hjá geðsjúklingum.

III. Úrvinnsla á gögnum úr rannsóknum Hjartaverndar er mikið verk sem stöðugt er unnið að.

Pessi úrvinnsla er í umsjá Rannsóknastjórnar en formaður hennar er Guðmundur Þorgeirsson, læknir.

Á þessu ári hafa margir aðilar unnið að úrvinnslu gagna, bæði læknar og aðrir starfsmenn rannsóknarstöðvarinnar og læknar og læknanemar sem ekki eru fastráðir við stöðina. Hafa margar greinar birzt í læknisfræðilegum ritum innanlands og utan og niðurstöður verið kynntar á alþjóðlegum læknaþingum m.a. á XII. Evrópuringi hjartalækna í Nissa (Inga Þráinsdóttir o.fl.), á IX. Alþjóðaþinginu um heilsufar á Norðurslóðum sem heldið var í Reykjavík (Ingimar Ö. Ingólfsson, Nikulás Sigfússon o.fl.), á III. Alþjóðaþingi um forvarnir hjartasjúkdóma í Oslo (Guðmundur Þorgeirsson o.fl.) og á VI. Þingi Sambands Hjartalækna við Miðjarðarhaf sem heldið var á Korfu (Nikulás Sigfússon o.fl.).

Á sl. ári hefur meira fé verið veitt til úrvinnslu en áður en engu að síður hefur fjárskortur mjög tafið fyrir nauðsynlegri úrvinnslu á því mikla magni upplýsinga sem safnað hefur verið um heilsufar Íslendinga sl. 25 ár.

Nikulás Sigfússon, yfirlæknir

Björn Einarsson:

Offita - áhættuþáttur?

ÁHÆTTUPÆTTIR ÆÐA-KÖLKUNAR

Sterkustu áhættuþættir kransæða-sjúkdóma eru hér lendis sem erlendis: reykingar, hár blóðþrýstingur, háar blóðfitur, sykursýki og ættarsaga um þessa sjúkdóma.

Erfitt hefur verið að sýna fram á að offita sé sjálfstæður áhættuþáttur æðakölkunar, nema í mjög stórum rannsóknum á mjög löngum tíma. Það þýðir að manneskja, sem er of feit en reykir ekki, hefur ekki hækkan á blóðþrýstingi, blóðfitum, blóðsykri eða ættarsögu um æðakölkun, er ekki í meiri áhættu en aðrir að mynda æðakölkun. Hins vegar hafa þeir sem eru of feitir oftast en aðrir háan blóðþrýsting, háar blóðfitur og sykursýki, sem lagast ef viðkomandi megrast.

Streita er heldur ekki sjálfstæður áhættuþáttur æðakölkunar í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið, en erfitt er að mæla streitu svo hægt sé að meta áhrif hennar á æðakölkun.

OFFITA OG FITUDREIFING

Vel er þekkt að sykursýki, sem ekki er insulin-háð, er langalgengust meðal of feitra, hins vegar fá ekki allir sem eru of feitir sykursýki. Lengi hafa menn veitt því athygli að fólk með vissa líkamsbyggingu er hættara við sykursýki, heilablóðfalli og skyndauða en öðrum.


Karlar safna fitunni oftast framan á

kviðinn, og er talað um mannlega fitudreifingu (android), og fá þeir lögun episins. Konur safna fitunni hins vegar oftast á sitjandann, mjaðmir og læri og er talað um kvenlega fitudreifingu (gynoid), og má líkja þeim við lögun perunnar.

Fegurðarmat hinna ýmsu menningarskeiða er breytilegt. Perulagið hefur öldum saman þótt það fegursta hjá konum, um það vitna listaverk allt frá Venus frá Milo til Renoir og Modigliani. Í tískuheimi nútímans eru hins vegar þær konur taldar fegurstar sem hafa stærst brjóst og minnsta sitjanda.

MÆLITÆKNIN


Offita hefur oftast verið mæld sem



Björn Einarsson

hlutfall þyngdar og hæðar, þannig að líkamshæð í metrum í öðru veldi er deilt upp í þyngdina og er það hlutfall kallað þyngdarstuðull (body mass index, BMI = kg/m²). Talað er um offitu þegar þyngdarstuðullinn er 27, en mikla offitu þegar hann er 30.

Fitudreifingu líkamans er auveldast að mæla með málbandi, og er ummál kviðar borið saman við ummál sitjandas (waist/hip ratio). Hjá körlum má kviðarummaðið ekki vera stærra en sitjandas, þ.e. hlutfallið 1,0, en hjá konum er hlutfallið 0,8, þ.e. ef ummál



Frönsk fegurð eftir Modigliani, máluð áður en það komst í tísku að vera mjög grannholda.

sitjandans er 100 cm þá má kviðarum-málið ekki vera stærra en 80 cm.

Þessi aðferð gefur þó ekki bestu myndina af því hversu mikil kviðar-holsfitan er og er því farið að mæla þykkt kviðar í liggjandi stöðu (sagital diameter), þar sem slappir magavöðvar eða mikil húðfita truflar síður þá mælinu skv. tölvsneiðmyndum.

HÆTTULEG FITA

Rannsóknir á fitudreifingu líkamans hófust á þriðja áratug þessarar aldar, en fóru ekki vel í gang fyrr en á fimmta áratugnum. Þessar rannsóknir hafa sýnt að fitan sem umlykur innri líffæri, þ.e. mörinn, er hættulegri en húðfitan.

Ef bornar eru saman almenn offita (BMI) og fitudreifingin (WHR) kemur í ljós að þeim sem hafa mikla ístru er hættara við að fá kransæðasjúkdóma, heilablóðfall og að deyja skyndidauða.



Almenn offita eykur ekki þessar líkur ein sér. Í mestri áhætlu eru grannir karlar með mikla ístru, en hins vegar feitar konur með mikla ístru, en þá fyrst eftir tíðahvörf.

Ef þekktir áhættupættir kransæðasjúkdóma eru skoðaðir, kemur í ljós að mikil ístra, óháð því hvort menn eru feitir eða grannir, er tengd háum blóðþrýstingi, háu kólesteróli, reykingum, einnig sykursýki og háum þríglýseríð-

um. Offeiti er hins vegar aðeins tengd háum blóðþrýstingi, sykursýki og háum þríglýseríðum, en ekki háu kólesteróli og er reyndar í öfugu hlutfalli við reykingar, þar sem reykingamenn eru yfirleitt grennri en hinir. Einnig hefur komið í ljós að hár blóðþrýstingur hjá ístrumiklum eykur líkur á heila-blóðfalli en ekki hár blóðþrýstingur hjá ofeitum án ístru.

Lifnaðarhættir tengjast einnig ístrunni. Ístrumiklir karlar nota meira tóbak og áfengi, og ístrumiklar konur nota meira róandi og þunglyndislyf. Bæði kynin hafa oftar magasár og eru oftar frá vinnu vegna veikinda ef þau eru ístrumikil. Líklegt er að streita eigi hér einhvern þátt að máli. Ekkert af þessu er hægt að tengja við almenna offitu.

HORMÓN

Hormón líkamans tengjast fitudreifingunni, bæði barksterar og kynhormón.

Karlkynshormónið Testosteron minnkar í blóði með aldrinum og bendir frumrannsókn til að það sé í öfugu hlutfalli við ístruna, þannig að því stærri sem ístran er því lægra er Testosteronið. Tilraun með að gefa þeim Testosteron, sem hafa skort á hormóninu, sýnir að blóðþrýstingur minnkar, blóðsykurinn lækkar og blóð-fiturnar einnig, en blóðruhálskirtillinn stækkar. Þó er með öllu óljóst hvort kransæðasjúkdómarnir minnki að sama skapi. Sú meðferð yrði alltaf vandasöm, þar sem vel er þekkt að ofnotkun karkynshormóna hjá íþróttamönnum gerir alla þessa þætti verri og eykur á kransæðasjúkdóma. Talsverður áhugi er á þessari rannsókn, en frekari rannsókna er þörf. Hjá Hjartavernd er m.a. verið að kanna samband Testosterons og æðakölkunar.

Kvenkynshormónið Progesteron stjórnar mjáðmafitunni, en hún er ekki tengd neinum sjúkdómum og því

hættulaus. Konur virðast ekki heldur geta náð henni af sér með megrunarkúrum nema þær séu mjólkandi. Progesteron minnkar við tíðahvörfin og gæti þar verið að finna skýringuna á því að konur eru þá ekki lengur eins vel varðar fyrir kransæðasjúkdómum af náttúrunnar hendi.

Cortisol, sem er barksteri frá nýrnahettunum, hefur m.a. stjórn á kviðarholssitunni..

Hlutverk þess er þó mikil til óljóst í þessu sambandi. Þó virðist nokkuð ljóst að Cortisol eykur á mörmyndun en Progesteron og Testosteron minnka hana.

HREYFING

Líkamleg áreynsla og aukin hreyfing gefur miklu betri árangur en megrunarkúrar til að ná af sér ístrunni, þó hvort tveggja þurfi að haldast í hendur. Auk þess lækkar aukin hreyfing blóðþrýstinginn og blóðfiturnar og eykur næmi vöðva fyrir insulin svö að blóðsykurinn lækkar. Pannig minnkar áhættan á æðakölkun.

SAMANTEKT

Reykingar, hár blóðþrýstingur og háar blóðfitur eru langsterkstu áhættupættir kransæðasjúkdóma. Ístran, frekar en almenn offita, er einnig áhættupáttur kransæðasjúkdóma. Því er málbandið mikilvægara en vigtin til að meta áhættu fitunnar. Til að minnka áhættuna er mikilvægast að hætta reykingum, síðan að láta mæla blóðþrýstinginn, blóðfiturnar og blóðsykurinn. Aukin líkamleg áreynsla er árangursríkust til að ná af sér ístrunni, og þá verður öll meðferð á háum blóðþrýstingi, blóðfitum og blóðsykri miklu auðveldari.

Björn Einarsson
lyf- og óldrunarlæknir


Inga S. Þráinsdóttir:

Leiðslukerfi hjartans – greinrof



Inga S. Þráinsdóttir

Eðlileg starfsemi hjartans er grundvöllur heilbrigðs lífs. Ýmsir hjartakvillar geta hrjáð mennina, þeirra kunnastir eru kransæðasjúkdómar og ýmsar hjartsláttartruflanir. Til síðarnefnda flokksins teljast truflanir á leiðslukerfi hjartans. Nú kunna ýmsir að spyrja hvað er leiðslukerfi hjartans. Í stuttu máli má segja að til þess kerfis teljist sinushnútur í efri hluta hægri gáttar, rafleiðslubrautir milli hnúta, torleidnihnútur á mótum gáttu og slegla og rafleiðslubrautir til slegla (mynd 1).



Mynd 1. Leiðslukerfi hjartans

HLUTVERK LEIÐSLU-KERFIS Í HJARTSLÆTTI

Starfsemi þessa kerfis er á þann veg að frumurnar sem mynda sinushnútin

